



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Fífuborg

Starfsáætlun

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	4
3 Innra mat deildar	13
3.1 Innra mat Dvergheima	13
3.2 Innra mat Álfheima	17
3.3 Innra mat Ljósheima	22
3.4 Innra mat Hulduheima	27
4 Innra mat sérkennslu	33
5 Innra mat – fjöltyngd börn	34
6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla	36
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	38
8 Foreldrasamvinna	40
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	40
10 Fylgigögn	41
10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs	42
10.2 Fylgiskjal 2 - Leikskóladagatal	47
10.3 Fylgiskjal 3 - Könnun vegna styttingu vinnuvikunnar í leikskólanum Fífuborg	48
10.4 Fylgiskjal 4 - Matsgögn	55



Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Í þessari stuttu greinargerð ætla ég að draga saman það sem hæst bar í starfsemi leikskólans á liðnu skólaári um leið og lagðar eru línur að því næsta. Heimsfaraldurinn hafði mikil áhrif á leikskólastarfið síðasta skólaár og þurfti Fífaborgarsamfélagið oft að aðlagja sig að breyttum aðstæðum vegna hans. Einnig hafa stjórnendur og starfsmenn þurft að vera með eindæmum lausnarmiðaðir til að láta starfið ganga upp eftir að stytting vinnuvikunnar tók gildi eftir áramót.

Fífaborg fékk úthlutaðan þróunarstyrk í tengslum við Menntastefnu Reykjavíkurborgar í annað sinn á síðasta ári. Haldið var áfram með þróunarverkefnið *Litlu könnuðirnir* og hugmyndin er að festa könnunaraðferðina í sessi í leikskólastarfinu. Síðustu tvö árin höfum við lagt áherslu á að efla bernskulæsi og þá helst orðaforða í gegnum vinnu með aðferðina því börnunum gefst ríkuleg tækifæri til að endurtaka orð og frasa í tengslum við viðfangsefnin sem tekin eru fyrir hverju sinni. Skólaárið 2021-2022 ætlum við að leggja áherslu á eflingu félagsfærni þ.e. að börnin þrói með sér færni í samskiptum og samvinnu og læri að leita lausna sjálf þar sem þau eru virkir þátttakendur í ferlinu í vinnu með könnunaraðferðina. Aðferðin eflir þar að auki alla aðra lykilþætti menntastefnunnar, sem er Læsi, sköpun og heilbrigði þar sem unnið er út frá áhugasviði barnanna á fjölbreyttan hátt.

Þrátt fyrir miklar áskoranir á liðnu skólaári var farið á fullt í vinnu með Könnunaraðferðina eftir áramót. Stofnað var lærdómssamfélag Fífaborgar um könnunaraðferðina sem hittist á 2-3 vikna fresti. Þar fengu allir tækifæri til að segja frá verkefninu á sinni deild og hvatningu og leiðbeiningar um hvað mætti gera betur. Áhersla var á orðaforðavinnu og skráningar og að gera þær aðgengilegar fyrir börnin, bæði sýnilegar myndrænt á deildinni og einnig sendar heim til foreldra í gegnum SWAY.

Ávinningur af þessari vinnu er mikill. Í fyrsta lagi þá jókst orðaforði barnanna töluvert í tenglum við viðfangsefnin. Þau lærðu ný hugtök, ný sönglög og lásu nýjar bækur. Áhugi þeirra var mikill og þekking þeirra á viðfangsefninu jókst þar sem heilmikið bættist við á hugmyndavefina sem gerðir voru með börnunum í upphafi verkefnisins. Þau náðu að þróa með sér ákveðna færni í samvinnu og lærðu að leita lausna sjálf. Verkefnið veitti börnunum þar að auki mikla gleði og ánægju.

Búið er að sækja um nýjan þróunarstyrk fyrir skólaárið 2021 – 2022 og er áskorunin að festa vinnu við könnunaraðferðina í sessi í leikskólanum og þar með ná að vinna með alla lykilþætti Menntastefnu Reykjavíkur. Sem fyrr segir verður lögð áhersla á að efla félagsfærni barnanna í gegnum vinnu með



aðferðina næsta vetur en efling félagsfærni er ein af áherslum leikskólans í umbótaáætlun fyrir næsta vetur.

Könnunaraðferðin vor 2021




2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat

Innra mat leikskólans Fífuborgar hefur verið unnið samkvæmt *Langtímaáætlun um innra mat Fífuborgar 2018 – 2021* sem sett var fram í starfsáætlun leikskólans 2018 – 2019. Sú endurmatsáætlun var byggð á niðurstöðum gagna starfsársins 2017 – 2018. Þar er gert ráð fyrir endurmati starfsfólks, barna og foreldra. Börnin endurmatu nokkra þætti starfsins en það voru aðalega eldri börn leikskólans sem gerðu það. Endurmat fór þannig fram að rætt var við börnin í hóp þar sem þau voru spurð m.a. um hvað þeim fannst um liðinn atburð. Börnin voru hvött áfram með opnum spurningum s.s. hvað, hvernig, hvers vegna og eins spurð að því hvort það væri eitthvað sem þau vildu gera öðruvísi. Foreldrar tók ekki þátt í mati þetta skólaárið. Matslistar sem stuðst hefur verið við eru heimgærðir listar um endurmat (Sjá fylgiskjal 4, bls.?). Þá hefur endurmatshringur Fífuborgar verið notaður.

Endurmatshringur Fífuborgar



Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Grænfáni - neysla og úrgangur	Á deildarfundum Á skipulagsdögum Reglulega yfir skólaárið	Starfsmenn Börn	Verkefnið gekk ágætlega og náðum við að klára að mestu 4 markmið af þeim 6 sem við settum okkur. Styrkleikar verkefnisins voru áhugasamt starfsfólk og margt af því sem tengist verkefninu er komið í veggina og er gert án umhugsunar.

			Veikleikar verkefnisins voru áhrif Covid-19 á það og er hægt að tengja það beint við þau markmið sem ekki náðist að klára. Sjá einnig innra mat deilda
Könnunaraðferðin	Á deildarfundum Á skipalagsdögum Á fundum lærdóms-samfélagsins Reglulega yfir skólaárið	Starfsmenn	Verkefnið gekk vel og spilar áhugi stafsfélks þar stórt hlutverk. Veikleikar verkefnisins voru áhrif Covid-19 á leikskólastarfið. Styrkleikar verkefnisins var stofnun lærdómssamfélags sem fundaði reglulega. Hver deild átti einn fulltrúa í lærdómssamfélaginu. Sjá einnig innra mat deilda
Vinátta	Á deildarfundum reglulega yfir skólaárið	Starfsfólk	Þetta verkefni hefur gengið vel og er orðin stór hluti af starfinu í Fífuborg. Styrkleikar verkefnisins eru að það er auðvelt og aðgengilegt í notkun. Allt starfsfólk þekkir verkefnið vel og nánast allir hafa farið á námskeið. Sjá einnig innra mat deilda
Hlutverk starfsmanna í leik	Á deildarfundum reglulega yfir skólaárið	Starfsfólk	Eftir málþing KÍ um frjálsa leikinn í október 2020 er starfsfólk meðvitaðra um mikilvægi sitt í leiknum.



			Nauðsynlegt er að halda áfram að tala um mikilvægi starfsmanna í leik barna og minna reglulega á það. Þetta þarf að hafa sérstaklega í huga þegar það kemur inn nýtt starfsfólk. Styrkleikar verkefnisins er reynslumikið starfsfólk og lítil starfsmannavelta. Veikleiki verkefnisins er stytting vinnuvikunnar þar sem hún hefur mikill áhrif á hvað er mikið af starfsfólki í húsinu eftir hádegi. Sjá einnig innra mat deilda
Könnun vegna styttingu vinnuvikunnar í leikskólanum Fífuborg	Rafræn könnun	starfsfólk	Yfir heildina er starfsfólk ánægt með að komast í styttingu. Starfsfólk upplifir engu að síður meiri álag og að það þurfi að vinna á meiri hraða. Einnig kom fram að 27,78% af starfsfólkinu fannst gæðin í starfinu hafa minnkað eftir hádegi. Því þurfum við að rýna vel í starfið eftir hádegi og gera umbætur til



			að auka gæði stafsins enn frekar. Styrkleikar verkefnisins eiga eftir að koma betur í ljós. Veikleikar þess er skortur á fjármagni og áhrif Covid-19 á starf leikskólans. (sjá fylgiskjal 3, bls ?)
--	--	--	--

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar 2021	Rafræn könnun	Starfsfólk	Á heildina litið kom könnunin vel út og er meðaltal allra þátta 4,33 af 5 mögulegum. Hæfir og áhugasamir starfsmenn 4,33. Árangursríkir stjórnunar hættir 4,31. Starfsánægja 4,57. Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi 4,31. Einelti frá samstarfsfólki 0%. Áreiti frá samstarfsfólki 0% Starfsþróunarsamtal 100% Hæfilegt vinnuálag er 3,64 sem er 0,12 stiga lækkun frá árinu 2020. Starfsfólk upplifir að það þurfi að vinna á meiri hraða og hafi mikið að gera. Þegar niðurstöður kannanirnar voru kynntar fyrir starfsfólki lét það skýrt í ljós að stytting vinnuvikunnar hefði mikil áhrif á svör þeirra við spurningum tengdum þessum þætti. Vinnuaðstaða er 3,53 sem er 0,36 hækkun frá árinu 2020. Við teljum að skrifstofugámur sem var settur tímabundið hér á lóðina hafi haft einhver áhrif á þetta.



Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATS-ÞÁTTUR	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Fræðsla og þjálfun	Að senda tölvupóst til starfsmanna með auglýsingum um námskeið ásamt því að hengja upp auglýsingar á kaffistofunni. Að bjóða upp á gagnleg og fræðandi erindi á skipulagsdögum.	Stjórnendur	Haut 2021	Vor 2022	Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar.	Að meðalskor þessa þáttar fari yfir 4 í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar árið 2022.
Sveigjanleiki í starfi	Að komið verði til móts við starfsfólk sem þarf að sinna einkaerindum á vinnutíma.	Stjórnendur	Haut 2021	Vor 2022	Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar.	Að meðalskor þessa þáttar fari yfir 4 í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar árið 2022.
Starfsmanna- stöðuleiki	Að skapa gott vinnuumhverfi. Að fá hugmyndir frá starfsfólki hvað gott starfsumhverfi er og hvernig hægt sé að stuðla að því.	Stjórnendur	Haut 2021	Vor 2022	Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar.	Að meðalskor þessa þáttar fari yfir 4 í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar árið 2022.
Uppeldis- og mennta-starf						
Könnunar- aðferðin	Hafa stutta kynningu á könnunar- aðferðinni á skipulagsdegi í haut. Að hver deild eigi einn fulltrúa í lærdómssamfélagi könnunar- aðferðarinnar.	Stjórnendur Deildar- stjórar	Hautið 2021	Vorið 2022	Á deildarfundum reglulega yfir árið Á fundum hjá lærdóms-samfélagi um könnunar- aðferðina	Að allar deildar vinni a.m.k. eitt verkefni í tengslum við könnunar- aðferðina. Að allar deildar kynni fyrir foreldrum eitt verkefni með því að bjóða þeim á sýningu í leikskólanum.



Félagsfærni	Að allt starfsfólk fái fræðslu um félagsfærni og hvernig unnið er með hana. Að nýta könnunar- aðferðinni til að auka félagsfærni barna. Að nýta vináttu verkefni Barnaheilla til að auka við félagsfærni barna.	Stjórnendur Deildar- stjórar Allt Starfsfólk	Haustið 2021	Vorið 2022	Á deildarfundum reglulega yfir árið	Að fylla út gátlista um sjálfsmynd og félagsfærni fyrir öll börn leikskólans.
Grænfáni - neysla og úrgangur	Fara yfir markmiðin sem við settum okkur á skipulagsdegi. Að deildarnar vinni verkefni í tengslum við markmiðinn.	Deildarstjóri	Haustið 2021	Vorið 2022	Á deildarfundum reglulega yfir árið	Að börnin læri að vera meðvituð um umhverfi sitt og öðlist þannig virðingu fyrir því. Fræðist um umhverfismál og hvað flokkun á sorpi og nýting matvæla er mikilvæg fyrir framtíð okkar. Sækja um Grænfánann á vormánuðum 2022.
Mannauður/ Leikskóla-bragur						
Undirbúningur stafsfélks Eflingar	Deildarstjórar skipuleggja starf deildarinnar þannig að svigrúm myndist til undirbúnings.	Leikskóla- stjóri Deildar- stjórar	Haustið 2021	Vorið 2022	Á deildarfundum reglulega yfir árið í snerpu-samtölum við leikskólastjóra	Að starfsfólk nái þeim markmiðum sem það setti sér.
Starfsánægja	Fá fyrirlestra sem bæta liðsheild, samvinnu og gleði.	Stjórnendur	Haustið 2021	Vorið 2022	Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar 2022.	Að meðalskor þessa þáttar hækki í viðhorfskönnu Reykjavíkurborgar árið 2022.

Innra mat						
Starfsmanna- könnun um styttingu vinnu- vikunnar	Yfirfara dagskipulag leikskólans og fara yfir þær breytingar sem gerðar voru á starfinu með tilkomu styttingu vinnuvikunnar. Huga að meiri samvinnu á milli deilda.	Stjórnendur	Haustið 2021	Vorið 2022	Starfsmanna- könnun um styttingu vinnu- vikunnar	Að þeim sem svöruðu <i>fremur</i> <i>óánægð</i> með gæði vinnu sinnar eftir styttingu vinnuvikunnar fækki og fari undir 27%. Að þeim sem svöruðu að þeir upplifðu álag <i>fremur oft</i> fækki og fari undir 27%.
Starfsmanna- viðtöl	Leikskólastjóri skipuleggur tíma sem hentar starfi leikskólans hverju sinni.	Leikskólastjóri Deildar- stjórar	Haustið 2021	Vorið 2022	Á deildarstjóra- fundum	Að allir starfsmenn fari í 3-4 snerpusamtöl á ári. Að allir starfsmenn setji sér markimið í fyrsta samtali. Að allt starfsfólk fara í viðtal hjá sínunum deildarstjóra.



3 Innra mat deildar

3.1 Innra mat Dvergheima

Grænfáni- neysla og úrgangur

Að tengja Ellu endurvinnslu-dúkku betur við umræður með barnahópnum til að vinnan verði markvissari og sýnilegri fyrir börnunum. Ekki gafst tími til að vinna markvisst að grænfánastarfinu með Ellu umhverfisdúkku fyrir áramót þar sem heimsfaraldurinn hafi mikil áhrif á starf leikskólans. Á nýju ári unnum við nokkur verkefni þar sem áherslan var á umhverfið og Ella var með okkur.



Styrkleikar: Fækkað var kubbum í einingakubbasettinu á deildinni til að þeir nýttust betur. Samhliða því var hugað að efniviði sem hentaði með. Við keyptum trésívalninga sem að börnin hafa notað mikið í leik. Einnig fengum við pappakassa undan sápuþykkjum hjá fyrirtæki í hverfinu og börnin prófa gjarnan að setja hluti ofan í þá.



Með Ellu ákváðum við að safna töppum af barnamatsskvísunum. Börnin tóku virkan þátt í söfnuninni og komu mörg þeirra með tappa að heiman. Mikið perluæði greip um sig á deildinni og Ella sá ástæðu til að koma í heimsókn og ræða um að það væri mjög gaman að perla en að perlur væru úr plasti sem er



ekki gott fyrir jörðina og því mættu börnin velja eitt perl í hverri viku til að strauja. Einnig kom Ella í heimsókn og bað börnin um að hjálpa sér að laga moldarholur sem hafa myndast á grasinu í garðinum. Börnin tóku virkan þátt í því og voru mjög öflug að vökva túnþökurnar sem settar voru og passa þær þannig að þær næðu að festa rætur.



Vel gekk að ná þessu markmiði á seinni hluta starfsársins og teljum við að markmiðum hafi verið náð. Telst þessum umbótaþætti lokið í bili.

Könnunaraðferðin

Að vinna markvisst með könnunar-aðferðina sem eflir bernskulæsi, samvinnu, samskipti, lausnaleit og sköpun barna. Unnin voru tvö verkefni eftir könnunaraðferðinni á Dvergheimum; um snigla fyrir áramót og um Grýlu eftir áramót.

Styrkleikar: Vel tókst til með tvö ólík könnunarverkefni þar sem áhugi og geta barnanna var í forgrunni ásamt málörvun. Áhugi barnanna kviknaði



í báðum tilvikum út frá lögum sem voru vinsæl hjá börnunum.

Börnin fundu snigla í gönguferð í Holtinu og settu í sérstakt

skordýrabox. Sniglarnir fengu reglulega að borða og við skoðuðum hvað sniglar borða og líka hvaða dýr borða snigla.



Einn snigillinn lifði fram á sumar og börnin fóru aftur með hann í holtið til vina sinna í lok maí eftir að hafa sungið kveðjulög fyrir hann.

Börnin sungu um Grýlu fyrir jólin og í febrúar voru þau enn þá að velta ýmsu fyrir sér með Grýlu.



Börnin veltu t.d. fyrir sér hvar Grýla væri grafin í kirkjugarðinum fyrst að hún er dauð og þrátt fyrir mikla leit fundum við ekki gröf merktu henni. Börnin voru þó flest handviss um að hún væri grafin í stóru útilistaverki sem finna má í kirkjugarðinum. Börnin vildu bæta við Grýluhellinn og bjuggu til Grýlu, börnin hennar, bíl

handa Grýlu og svo hjörtu til að gera hellinn hennar vistlegri. Auk markvissar orðaforðavinna voru unnar skráningar og sendar til foreldra með SWAY sem að mælist vel fyrir og gaf foreldrum tækifæri til að hvetja börnin til samræðna heima og skerpa á þeim orðaforða sem unnið var með í leikskólanum.



Vel gekk að ná þessu markmiði á starfsársinu og teljum við að markmiðum hafi verið náð. Á næsta ári er áherslan á félagsfærni í tengslum við könnunaraðferðina.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Könnunaraðferðin með áherslu á félagsfærni	Að festa vinnu við könnunar- aðferðina ennþá betur í sessi í leikskólanum og þar með ná að vinna með alla lykilþætti Menntastefnu Reykjavíkur.	Halda áfram með lærdómssamfélag starfsmanna tengt verkefninu þar sem starfsmenn miðla m.a. hvernig unnið er með skráningar (í SWAY) og hvernig flétta má áherslu á félagsfærni inn í aðferðina.	Allt starfsfólk og fulltrúi deildarinnar í lærdóms- samfélaginu	Haustið 2021	Vorið 2022	Skráningar á verkefnunum sem unnin verða. Umræður í lærdómssamfélagi og á starfsdögum.	Að börnin þrói með sér færni í samskiptum og samvinnu og læri að leita lausna sjálf þar sem þau eru virkir þátttakendur í ferlinu

Vinátta

Að við notum Blæ og vísun í hann í daglegu amstri þar sem árekstrar koma oft upp. Nokkuð vel gekk að halda skipulögðum stundum með Blæ á dagskrá þrátt fyrir þær áskoranir sem við stóðum frammi fyrir í vetur.

Styrkleikar: Sami kennarinn hélt utan um stundirnar sem voru fjölbreyttar og vöktu áhuga barnanna. Börnin fóru gjarnan í leiki sem tengjast efninu. Í lok stundarinnar var oft náð í kubba eða annað til að leika með og þá héldu umræðurnar gjarnan áfram á óformlegri hátt.



Tækifæri til umbóta: Á næsta ári munum við leggja áherslu á félagsfærni í könnunaraðferðinni það gefur mörg tækifæri til samþættingar verkefna þannig að oftar er vísað í Blæ og hvað hann stendur fyrir.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Vínátta	Að samþætta vínáttuverkefnið við áherslu okkar á félagsfærni í könnunar- aðferðinni	Að vera meðvituð um að grípa oftari í bangsann og litlu myndirnar til að aðstoða börnin í þeim árekstrum sem upp koma	Allt starfsfólk deildar- innar	Hautið 2021	Vorið 2022	Meta reglulega yfir starfsárið á deildarfundum	Að starfsfólk sé hæfara í að grípa tækifærin sem gefast til samþættingar þannig að áherslan sé á félagsfærni barnanna

Hlutverk starfsmanna í leik

Að efla börnin í frjálsum leik. Að geta betur aðstoðað þau börn sem eiga erfitt með að komast inn í leik og haldast í leik. Markmiðið var að allir starfsmenn prófuðu að gera skráningu á leik barna og skoðuðu þannig markvisst styrkleika þeirra í leiknum og hvaða börn þurfa aðstoð. Vegna ytri aðstæðna (heimsfaraldurs, langtímaveikindi starfsmanna og þjálfun nýrra starfsmanna auk styttingar vinnuvikunnar) náðist þetta markmið ekki.



Styrkleikar: Vegna heimsfaraldurs voru möguleikar oft takmarkaðir. Við



lögðum þá áherslu á að bjóða upp á áhugaverð leiktilboð/stöðvavinnu á deildinni þar sem áherslan var á að vinna með lítinn barnahóp í einu og gefa þannig tíma og næði fyrir leikinn. Þetta voru oft gæðastundir þar sem börnin náðu að sökkva sér í góðan leik og þar sem hópastærðin var hæfileg gat kennarinn einbeitt sér að leik barnanna og að aðstoða þau börn sem þurftu.

Tækifæri til umbóta: Ekki eru allir starfsmenn nægilega meðvitaðir um mikilvægi starfsmanns í frjálsum leik eða þekkja nógu vel kenningar um leik barna t.d. hvernig börn koma inn í leik. Einnig er mikilvægt að skoða alla uppsetningu; notkun svæða og leikefniviðs sem boðið er upp á.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hlutverk starfsmanna í leik	Að starfsmenn séu meðvitaðir um mikilvægi þeirra í að gera umhverfi fyrir leikinn gott og hvernig þeir geti verið til staðar í leiknum.	Fræðsla um kveikjur/stöðvavinnu og umræður um góðan efnivið Fræðsla um hlutverk kennarans í frjálsum leik og hvernig börn koma inn í leik.	Leikskóla- stjóri, deildarstjóri og allt starfsfólk deildar- innar	Haustið 2021	Vorið 2022	Könnun gerð á viðhorfi og þekkingu starfsmanna í upphafi skólaárs og lok skólaárs. Dæmum og skráningum safnað á skólaárinu um hvað var gert, bæði fræðsla og dæmi úr starfinu	Að starfsmenn nýti vel þau tækifæri sem gefast til að auka gæðin í frjálsa leiknum með viðveru sinni og fagmennsku

3.2 Innra mat Álfheima

Ákveðið var að hafa sömu fjóra umbótarþættina aftur þetta skólaár 2020-2021 og var árið á undan.

Ekki gafst þá eins góður tími og við hefðum vilja í að meta þessa þætti sökum heimsfaraldurs.

Umbótarþættir í starfinu sem ákveðið var að skoða áfram eru Grænfáni-neysla og úrgangur, hlutverk starfsmanna í leik, Könnunaraðferðin og Vinátta.

Grænfáni-neysla og úrgangur

Sökum heimsfaraldrar varð ekki nógu markviss vinna með þetta þema fyrir áramót en eftir áramót náðist markvissari vinna með Ellu. Ella endurvinnsludúkka var dugleg að koma í heimsókn eina viku í mánuði á nýja árinu. Við tókum Ellu með okkur í gönguferðir þar sem hún fræddi börnin um mikilvægi þess að flokka rusl. Við tíndum líka rusl í þessum ferðum og fórum yfir það sem tínt var í samverustundum, flokkuðum og veltum fyrir okkur hvað ætti að fara hvar.



Foreldrar fengu upplýsingar í fréttabréfi vikunnar hvað Ella hefði verið að fræða okkur um. Við náðum að taka myndir í ferðunum okkar og þegar Ella kom í heimsókn inná deild svo foreldrar gætu fylgst með.

Styrkleikar: Börnin settu niður lauka í mold og fylgdust með spírun avacado steins. Við söfnuðum saman mjólkurfernum, bjuggum svo til stórt skrímsli úr þeim, skrímslastól og svo léku börnin sér mikið með fernurnar í frjálsum leik. Deildirnar skiptast á að hafa stærri og dýrari leikföngin, eina viku í senn – þannig sparast það að kaupa fleiri leikföng. Við nýtum plastpoka sem falla til úr eldhúsinu undir blaut föt og bleyjur. Klippum niður séríós pakka til að leyfa krökkunum að teikna á.



Þó heimsfaraldurinn hafi spilað stóran þátt í starfinu okkar þá teljum við að þessum þætti sé náð.

Hlutverk starfsmanna í leik

Við höfum alltaf haft það að leiðarljósi að vera til staðar þar sem börn eru að leik og geta gripið inn í og stutt við leikinn þegar það á við. Ætlunin var að rýna betur í hlutverk starfsmanna í leik barnanna



þetta skólaár en við náðum ekki að vinna að þeim markmiðum sem við settum okkur varðandi þennan þátt vegna Covid – 19 og styttingu vinnuvikunnar. Við ræðum samt reglulega saman um leikinn á deildarfundum og er allt starfsfólk meðvitað um mikilvægi þess að vera til staðar í leiknum.

Styrkleikar: Í könnunaraðferðinni náðum við að einbeita okkur betur að okkar hlutverki í leiknum. Í könnunaraðferðinni vorum við bara með helming barnanna inn í þemavinnu og frjálsum leik tengt þemanu, á meðan hinn helmingur fór í gönguferð. Þannig náðist betri gæðastundir með börnunum og þau sjálf náðu betri leik saman.

Umbóta- þættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst/ Lokið	Endurmat ; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hlutverk Starfs- manna í leik	Að starfsmenn eflist í því hvenær þeir eigi að taka þátt í leik barnanna og hvenær þeir eiga að draga sig úr leiknum.	Að starfsfólk hafi tækifæri til að kynna sér ýmsar aðferðir til að styðja börn í leik. Að starfsmenn leiðbeini og taki þátt í leik barna þegar það á við t.d. til að efla leikfærni.	Stjórnendur og deildar- stjórar	2021- 2022	Á deildar- fundum með starfsfólki reglulega yfir árið.	Að starfsfólk öðlist betri skilning á leiknum og hvernig megi efla leikfærni barna. Að starfsfólk læri að grípa tækifærin sem gefast í leiknum. Að börnin öðlist betri leikfærni.

Könnunaraðferðin

Unnið var með könnunaraðferðina síðasta vetur og héldum við áfram þennan vetur til að festa hana enn betur í sessi. Við notuðum sömu markmið og leiðir og hvernig við myndum meta verkefnið og síðasta vetur. Í könnunaraðferðinni lögðum við aðaláherslu á læsi en næsta vetur munum við leggja áherslu á félagsfærni. Við byrjuðum ekki á könnunaraðferðinni fyrr en eftir áramót sökum heimsfaraldrar.

Mikill áhugi myndaðist hjá börnunum fyrir skrímslum og þau vildu ekki lesa aðrar bækur en um skrímsli. Bókinn um Rusladrekinn sem fylgir Ellu okkar kölluðu þau alltaf ruslaskrímslið og þau léku oft skrímslaleiki í útiveru. Við ræddum á deildarfundi hvort við ættum ekki að athuga hvort þetta gæti ekki verið þemað okkar í könnunaraðferðinni. Svo við ræddum við börnin í næstu samverustund um þetta þema og voru þau mjög áhugasöm (eins og við vorum búin að sjá). Því upphófst mikil og skemmtileg vinna með skrímsli.



Við byrjuðum á að gera hugarkort og út frá því fundum við hinar ýmsu leiðir í okkar vinnu. Þar sem að þemað var skrímsli og auðveldlega var hægt að skoða skrímsli sem voru dálítið hræðileg þá ákváðum við frá byrjun að halda okkur við „sæt“ skrímsli. Við skoðuðum margar myndir af skrímslum, ræddum um hvað þau hefðu sameiginlegt og hvað var ólíkt og þannig jókst orðaforði

þeirra. Við fléttuðum þemað inn í gönguferðir og tónlistarstundir. Þemað fléttaðist líka inn í frjálsa leikinn og útiveruna.

Styrkleikar: Í dágóðan tíma voru börnin hugfangin að þessu verkefni og sáum við að það smitaðist í frjálsa leikinn líka. Þau lærðu ný orð og gæði frjálsa leiksins jókst m.a. með því að búa til skrímslahús úr gömlu pappahúsi sem við áttum og fengu börnin að mála það. Þau fengu skrímsli til að leika með og bjuggu til skrímslastóll og skrímsli úr mjólkurfernum. Þau gerðu skrímslagrímur úr covidgrímum sem þau fengu að nota í tónlistarstundum. Við æfðum ýmis skrímslalög. Börnin léku sér með skrímslaleir og teiknuðu skrímslamyndir. Við sáum svo greinilega á öllum leik barnanna og teikningum hvað mikið hafði skilað sér og þau lært mikið á þessum tíma.



Við sendum sway skjöl á foreldra og myndbönd af söng þeirra um lítið lasið skrímsli. Eins fengu foreldrar upplýsingar um hvað væri verið að gera í gegnum vikuleg fréttabréf.

Við stefnum að því að festa könnunaraðferðina enn frekar í sessi í starfið okkar og næsta vetur verður lögð áhersla á félagsfærni.

Umbóta- þættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst/ Lokið	Endurmat: hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Könnunar- aðferðin	Að vinna áfram með könnunar- aðferðina þannig að hún festist enn frekar í sessi. Að leggja áherslu á félagsfærni. Að upplýsa foreldra um framvindu verkefnisins.	Að starfsfólk noti fjölbreyttar aðferðir til að skrá niður vinnu barnanna.	Stjórnendur og deildarstjórar	2021- 2022	Á skipulags- dögum og deildar- fundum með starfsfólki reglulega yfir árið.	Að starfsfólk vinni með könnunaraðferðina til að styðja við þekkingarleit barnanna. Að börnin fái verkefni sem vekja upp forvitni þeirra, hvetja þau til rannsókna, könnunar og lausnaleitar. Að börnin þrói með sér færni í samskiptum og þroski með sér betri félagsfærni í gegnum könnunaraðferðina. Að foreldrar þekki þemað sem verið er að vinna með hverju sinni.

Vinátta



Vináttubangsinn Blær kom ekki frá Ástralíu úr jólafríinu fyrr en í febrúar á þessu ári. Vegna heimsfaraldrar þurfti hann að vera í sóttkví í sínu heimalandi ansi lengi. Blær er orðin hluti af öllu starfi tengt vináttu á deildinni okkar. Hann kom reglulega í heimsókn, ræddi við börnin um ýmis málefni tengd vináttu og notuðum við Blæ töskuna mikið en þar eru ýmis gögn og verkefni sem gaman er að nota. Við

hengdum spjöldin sem við tókum fyrir í Blæ stundum upp á vegg og reyndum að skipta þeim reglulega út. Við hefðum mátt vera duglegri að grípa í bangsana svo þau myndu tengjast betur við það sem Blær stendur fyrir.

Styrkleikar: Við fengum flott hengi með vösum fyrir bangsana að gjöf og geta börnin náð í bangsann auðveldlega ef þau þurfa. Við höfum lagt áherslu á að Blær bangsi sé ekki leikfang heldur hjálparbangsi þegar einhverjum líður illa eða þarf á knúsi að halda. Við hlustuðum á Blæ lögin reglulega sem börnin ná að tengja vel við. Í vikulegu fréttabréfinu til foreldra var sagt frá Blæ og það sem hann var að ræða við krakkana í það og það skiptið.



Næsta vetur verður einn af umbótarþáttum okkar félagsfærni (tengt könnunaraðferðinni) og stefnum við að því að vinna með þann þátt samhliða vináttuverkefninu líka.



Umbóta- þættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst / Lokið	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Vinátta	Að festa Vináttuverkefni Barnaheilla enn frekar í sessi. Að vinna að félagsfærni samhliða vináttuverkefninu. Að tengja vináttubangsann Blæ meira við hefðbundið starf leikskólans.	Hafa eina samverustund í viku fyrir Vináttuverkefnið. Vinna með vináttu í fleiri þáttum skólastarfsins.	Allt starfsfólk	2021- 2022	Á deildarfund um með starfsfólki deildarinnar reglulega yfir árið. Munnlegt endurmat með börnum.	Að börnin læri góð samskipti. Að börn efli með sér góða félagsfærni. Að börn þrói með sér samkennd og vináttu. Að börnin geti leitað lausna í samskiptum við hvort annað. Að foreldrar þekki verkefnið og viti hvað er verið að ræða hverju sinni. Að börnin hafi greiðan aðgang að sínum hjálpabangsa og geti sótt hann ef þau vilja.

3.3 Innra mat Ljósheima

Grænfáni -neysla og úrgangur

Að byrja að vinna markvisst með þemað neysla og úrgangur.

Ekki tókst að vinna markvisst með þetta fyrir áramót. Mörg ný börn byrjuðu á Ljósheimum þetta haustið en deildin endurnýjaðist nánast alveg. Vegna covid tók aðlögun lengri tíma en venjulega. Eftir áramót kom Ella umhverfisdúkka nokkrum sinnum í heimsókn til okkar og þá nýttum við hana til í að vinna í þessu þema.

Styrkleikar: Að hluta til var jólagjöf til foreldra unnin úr endurnýttum efnivið þ.e. glerkrukkum sem annars hefðu kannski endað í endurvinnslu eða ruslinu.



Stærri og dýrari leikföngum leikskólans var skipt niður á vikur og gengu þau á milli deilda. Þannig nýttust þessi leikföng betur og ekki þarf að kaupa eins mikið (minni neysla). Börnin læra að þessi

leikföng eru ekki alltaf í boði á deildinni okkar því við erum að skiptast á að nota þau með hinum börnunum í leikskólanum.



Ella umhverfisdúkka höfðar sterkt til barnanna á Ljósheimum og hlusta þau mun betur á hana en okkur starfsfólkið. Kom hún nokkrum sinnum til okkar eftir áramót og fræddi þá börnin um neyslu og úrgang. Börnin voru að sjálfsgöðu alveg sammála henni um að við yrðum að fara vel með leikföngin og bækurnar svo við gætum átt þennan efnivið lengi og þyrftum ekki að kaupa nýjan. Einnig voru þau alveg sammála henni um að það mætti alls ekki henda rusli úti. Í eitt skipti kom Ella til okkar og spurði hvort við værum ekki til í að koma með henni í gönguferð og tína rusl. Vorum við til í það og úr þessu varð mjög skemmtileg og fræðandi gönguferð. Þetta er eitthvað sem við munum örugglega gera aftur.



Við teljum að vel hafi gengið að vinna með þetta markmið eftir áramót og munum við halda áfram á sömu braut næsta vetur.

Vinátta

Að festa vináttuverkefni Barnaheilla enn frekar í sessi. Að vera duglegri að upplýsa foreldra um hvað Blær er að ræða við börnin.



Unnið var markvisst með þetta verkefni í vetur. Blær kom reglulega í heimsókn og eins og allar aðrar brúður náði hann athygli barnanna mjög vel. Einnig átti hvert barn lítinn Blæ bangsa og var misjafnt hversu mikið þau leituðu í hann. Teljum við þetta verkefni vera orðið nokkuð fast í sessi og eitthvað sem við munum vinna áfram með.

Ekki var hægt að kynna verkefnið fyrir foreldrum á foreldrafundi í haust þar sem hann féll niður. Foreldrum var sendur tölvupóstur um verkefnið og einnig var bent á heimasíðu Barnaheilla þar sem hægt er að nálgast góðar upplýsingar um verkefnið. Foreldrar fá reglulega sendan póst um starfið á deildinni og ef Blær hafði komið í heimsókn var sagt frá því.

Styrkleikar: Starfsfólk á Ljósheimum hefur alltaf verið duglegt að ræða um vináttu, góð samskipti, hjálpsemi og hvernig maður er góður félagi. Þarna kemur vináttuverkefnið sterkt inn þar sem það höfðar vel til barnanna. Blær hefur alltaf eitthvað athyglisvert og skemmtilegt að segja, myndirnar sem fylgja með verkefninu hvetja til umræðu um vináttu og skemmtileg lög sem hægt er að syngja.



Næsta skólaár munum við leggja áherslu á félagsfærni í könnunaraðferðinni og mun það væntanlega gefa mörg tækifæri til að samþætta vináttuverkefnið við það og vísa í Blæ og hvað Blær stendur fyrir.

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Vináttu	Að tengja vináttu- verkefnið við áherslu okkar á félagsfærni í könnunar- aðferðinni Að tengja vináttu- bangsann Blæ meira við hefðbundið starf deildarinnar	Að setja Blæ og töskuna sem fylgir með á áberandi stað þannig að allir muni eftir að nota þetta efni.	Allir starfs- menn deildarinnar.	Haut 2021	Vorið 2022	Meta reglulega yfir skólaárið á deildar- fundum.	Að starfsmenn grípi reglulega í Blæ og samþætti við allt starf deildarinnar þannig að áherslan sé á félagsfærni barnanna.



Hlutverk starfsmanna í leik

Að starfsmenn efli sig í því að vita hvernær þeir eiga að taka þátt í leik barnanna og hvenær þeir eiga að draga sig í hlé.



Starfsfólk á Ljósheimum hefur oft rætt um það hversu mikilvægt það er að vera til staðar þar sem börnin eru í leik og geta gripið inn í leikinn og stutt við hann þegar það á við. Markmiðið var að efla starfsmenn í að grípa tækifærin sem gefast til að styðja við leik barnanna og þannig væri hægt að mynda betri tengsl við börnin í gegnum leik. Vegna ytri aðstæðna (Covid-19 og styttingu vinnuvikunnar) tókst ekki nægilega vel að ná þessu markmiði í öllu starfi og þá sérstaklega í frjálsa leiknum.

Styrkleikar: Starfsmenn eru meðvitaðir um mikilvægi þess að vera til staðar í leiknum og er það reglulega rætt á deildarfundum. Þegar við unnum með könnunaraðferðina og í hópastarfi náðum við betur að einbeita okkur að hlutverki okkar í leik enda fóru þessir þættir fram fyrir hádegi þegar það var ekki stytting vinnuvikunnar og því fleiri starfsmenn og hægt að vinna með börnunum í minni hópum.



UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Hlutverk starfsmanna í leik	Að finna fleiri þætti í daglegu starfi þar sem starfsmenn geta tekið þátt í frjálsum leik barnanna	Fara yfir dagskipulagið og finna tækifæri til að taka þátt í frjálsum leik barnanna. Að starfsmenn fái tækifæri til að kynna sér ýmsar aðferðir til að styðja við börn í leik og	Allir starfs- menn Ljós- heima	Haut 2021	Vor 2022	Meta reglulega yfir skólaárið á deildar- fundum	Að starfsmenn öðlist betri skilning leiknum og leikfærni barna

	og stutt við hann.	efla þannig leikfærni þeirra					Að börnin öðlist betri leikfærni
--	--------------------	------------------------------	--	--	--	--	----------------------------------

Könnunaraðferðin

Að vinna markvisst með könnunaraðferðina sem eflir bernskulæsi, samskipti, samvinnu, lausnarleit og sköpun barna.

Unnið var eitt verkefni tengt könnunarferðinni á Ljósheimum og var það um vatnið. Það var ákveðið á deildarfundi að byrja að vinna með könnunaraðferðina eftir áramót þar sem haustið fer að mestu í að aðlaga börnin og að það tekur þau tíma að verða örugg í leikskólanum og læra á daglegt líf þar.



Eftir áramót ákváðu svo starfsmenn hvaða viðfangsefni skyldi tekið fyrir og varð vatnið fyrir valinu. Þar sem við vorum með frekar ung börn þennan veturinn sem tala ekki mikið fannst okkur gott að velja viðfangsefni sem hægt væri að tengja við mörg verkefni en væri kannski ekki svo nauðsynlegt að vera með miklar umræður um.

Styrkleikar: Börnin voru áhugasöm um þetta verkefni og fannst mjög gaman að fá að sula og leika



sér svona mikið með vatn, bæði í útiveru og inni. Við prófuðum að gera hugarkort þegar við vorum búin að vinna í verkefninu í smá tíma og svo aftur nokkrum vikum seinna. Það var gaman að sjá að það bættust við nokkur ný orð í seinna skiptið. Það voru mikið sömu börnin sem tjáðu sig og voru það mest elstu börnin á

deildinni.

Við lásum bækur tengdar vatninu, sungum lög, gerðum allskonar verkefni þar sem vatn kom við sögu (vatnslita, sula með vatn í útiveru, þvoðum leikföngin okkar o.s.frv.) og tókum fullt að myndum til að skrá þetta allt niður. Stofnað var lærdómssamfélag um könnunarleikinn þar sem allar deildir áttu einn



fulltrúa í. Það var mjög gagnlegt sérstaklega þar sem við vorum nánast að stíga okkur fyrstu skref í að vinna með könnunaraðferðina. Foreldrar voru upplýstir um verkefnið með tölvupóstum og einnig fengu þeir sendar skráningar með Sway.

Vel gekk að vinna með þetta verkefni og má því segja að markmiðinu hafi verið náð. Á næsta ári er áherslan á félagsfærni í tengslum við könnunaraðferðina.

UMBÓTARÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Könnunaraðferðin með áherslu á félagsfærni	Að vinna áfram með könnunaraðferðina þannig að hún festist í sessi	Halda áfram með lærdómssamfélag starfsmanna þar sem starfsmenn geta eflst og styrkst í vinnu með könnunaraðferðina og miðlað til starfsmanna inn á deild.	Allir starfsmenn Ljósheima	2022	2022	Skráninga r á verkefnum sem unnin verða. Umræður á deildarfundum	Að börnin eflist í samvinnu og þrói með sér betri færni í samskiptum.

3.4 Innra mat Hulduheima

Grænfáni- neysla og úrgangur

Að Ella endurvinnsludúkkur verði betur tengd við umræður með barnahópnum svo hægt sé að vinna markvissara með hana og gera hana sýnilegri fyrir börnin.

Ekki gafst tími til að vinna markvisst að grænfánastarfinu með Ellu endurvinnsludúkkur fyrir áramót þar sem heimsfaraldurinn hafði mikil áhrif á starf deildarinnar. Síðari hluta vetrar náðum við að gera vinnuna með Ellu markvissari og notuðum samstæðuspil til að minna á þetta verkefni og í gönguferðum ræddum við hvað ætti



heima í náttúrunni og hvað ekki. Einnig var taupoki til að tína rusl á förnum veg alltaf með gönguferðunum.

Styrkleikar: Jólagjafir til foreldra voru saumaðir innkaupapoka eða púði úr efni sem okkur hefur verið gefið í gegnum tíðina og þannig náðum við að endurnýta það. Við fengum nokkra holukubba af annarri deild og stærri leikföng voru keypt sem fara á milli deilda vikulega. Við vorum dugleg að nýta hina ýmsu hlutverkakassa sem eru til. Einingakubbar voru nýttir meira á deildinni og stundum leyft að standa yfir daginn. Túnþökur voru settar á svæði við húsið þar sem mikil drulla var og börnin fengin til að passa upp á að þær skemmdust ekki og sáu um að vökva þær.

Spurningalisti var gerður fyrir börnin og þeim skipt í þrjá hópa til að kanna t.d. hvort væru notaðar taubleyjur í leikskólanum, hvort kennarar prenta báðum megin á blöð, hvort rusl væri flokkað o.fl. Í gönguferðum var/er oft týnt rusl og flokkað þegar komið er á leikskólann.

Síðari hluta starfsársins gekk vel að ná þessu markmiði og teljum við okkur hafa náð þeim markmiðum sem við settum okkur.

Spurning	Já	Nei
1. Notaðu þú pappir sem á að henda í skiptum?	😊	😞
2. Notaðu þú tösur umbúðir í skiptum eða hafi?	😊	😞
3. Taktu og prenta kennarar einn hlið og hafi?	😊	😞
4. Er þú hafi ta og geymt, nota þú þá hafi hafi í skólanum?	😊	😞
5. Er skiptumarker í skólanum fyrir rusl frá öðrum áttum?	😊	😞
6. Færstu þú að henda afri mat?	😊	😞
7. Notaðu þú handklæði eða hafi klæði til að hafi þú einn hafi og hafi?	😊	😞
8. Færstu þú hafi með hafi í skólanum og hafi í skólanum?	😊	😞
9. Er skiptum með taubleyjur í skólanum?	😊	😞
10. Er rusl sem er skiptum upp eða í skólanum en ekki í rusli?	😊	😞

Málörvun í leik

Að kennarar ættu meiri samskipti við börn sem halda sig til hlés, nota tákn með tali, vinna markvisst með lykilorð úr bókum og gera starfsmenn meðvitaðri um að setja orð á athafnir.

Það náðist að vinna með “taka 10” en tákn vikunnar “tákn með tali” gekk ekki vel og mættum við vera duglegri við það. Ekki tókst að búa til “orðaorm” úr lykilorðum úr bókum sem lesnar voru í sögustund.

Styrkleikar: Að koma á samtali við börnin í leiknum gefur kennurum innsýn í hvaða áhugmál börnin hafa og hverjar væntingar þeirra eru til þess sem er að gerast. Tákn vikunnar er oft bókstafur úr Lubba og er það lagt fyrir einu sinni í viku, það hefur hjálpað nokkrum að muna hvaða hljóð bókstafur hefur eða heiti hans er.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun í leik	Nota og minna á tákn vikunnar daglega. Að vinna markvisst með lykilorð úr bókum í sögustundum	Muna að rifja upp tákn vikunnar í samveru. Að gera orðaorm í staðinn fyrir bókaorm. Þar er skráð eitt orð úr hverri bók, það rætt og síðar rifjað upp.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn á deildinni.	Haut 2021	Vor 2022	Minna á reglulega á á deildar- fundum með starfsfólki deildarinnar.	Að efla börnin í að nota Tákn með tali. Að efla orðafora barnanna.

Könnunaraðferðin

Að vinna markvisst með könnunaraðferðina sem eflir bernskulæsi, samvinnu, samskipti, lausnaleit og sköpun barna.

Ekki náðist að gera verkefni tengt könnunaraðferðinni fyrir áramótin. Eftir áramótin komust börnin á deildinni í fréttir þegar þau brugðust hárrétt við þegar stór jarðskjálfti reið yfir en nokkrum mínútum áður var haldin árleg jarðskjálftaæfing í Fífuborg. Það hjálpaði þeim að velja sér viðfangsefni sem var að kanna betur eldfjöll á Íslandi. Svo fór að gjósa og þá varð áhuginn enn meiri og oft kveikt á skjánum til að fylgjast með eldgosinu. Í ferlinu lærðu þau allskonar orð tengd eldgosum, teiknuðu myndir og gerðu eldfjöll í þrívídd í samvinnuverkefni. Um vorið enduðu þau á að flytja stuttan leikpátt um Sæmund fróða og upphaf Hekluelda á útskrift fyrir foreldrar.



Styrkleikar: Vel tókst til með könnunaraðferðina þar sem mikill áhugi var á viðfangsefninu. Börnin lærðu mikið um viðfangsefnið í þekkingarleit sinni og bættu einnig mikið við orðaforðann en efling orðaforða var áhersluþáttur í vinnu með könnunaraðferðina þetta árið. Einnig er könnunaraðferðin valdeflandi þar sem áherslan er á getu og áhuga barnanna sem leiðir þekkingarleitina áfram.



Könnunaraðferðin er samvinnunámsaðferð sem hentar sérlega vel fjölbreyttum barnahópi. Við teljum einnig að áhersla okkar á orðaforða og myndrænar skráningar sem sendar voru heim til foreldra nýtist vel í fjölmenningsamfélaginu okkar. Þannig erum við ekki bara að kynna leikskólastarfið fyrir foreldrum og vekja áhuga þeirra á því heldur einnig að gefa þeim verkfæri í hendurnar til að nýta heima með börnunum til samræðna og gæðastunda.

Síðast en ekki síst fylgdi verkefnunum mikil gleði hjá bæði starfsmönnum og börnum enda gaman fyrir alla að vinna skapandi og valdeflandi verkefni eins og könnunaraðferðin er.

Vel gekk að ná þessu markmiði á síðari hluta starfsársins og teljum við að þeim markmiðum hafi verið náð sem sett voru. Á næsta ári er áherslan á félagsfærni í tengslum við könnunaraðferðina.

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Könnunaraðferðin með áherslu á félagsfærni	Að festa könnunar aðferðina í sessi á leikskólanum og vinna þannig með alla lykilþætti Mennta-stefnu Reykjavíkur.	Halda áfram með lærdómssamfélag starfsmanna tengt verkefninu, þannig miðla starfsmenn hvernig unnið er með skráningar og hvernig flétta má áherslu á félagsfærni inn í aðferðina.	Starfsfólk og fulltrúi deildarinnar í lærdómssamfélaginu	Haut 2021	Vor 2022	Skráning á verkefnum sem unnin verða. Umræður í lærdómssamfélagi og kynning á starfsdögum frá þeim.	Að börnin þrói með sér færni í samskiptum og samvinnu og læri að leita lausna sjálf þar sem þau eru virkir þátttakendur í ferlinu

Vinátta

Að við notum Blæ og vísum í hann daglega þar sem árekstrar koma oft upp.



Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu gátum við ekki verið með Blæ mikið fyrri hluta vetrar en við ræddum mikið um hvað væru góð og slæm samskipti, börnin tjáðu sig um sína upplifun og komu með lausnir. Við náðum að vera með betra skipulag síðari hluta starfsársins og voru þær ca. tvisvar í mánuði. Börnin voru mjög hjálpsöm og dugleg að aðstoða þau sem áttu erfitt eða voru leið með því að bjóða þeim að leika með eða eitthvað annað sem vakti áhuga þeirra og annara.

Styrkleikar: Betur gekk þegar sami starfsmaður tók að sér stundirnar sem voru fjölbreyttar og vöktu áhuga barnanna. Börnin lögðu ýmislegt til málanna í stundunum og voru mjög meðvituð um hvernig góð samskipti eiga að vera. Þau voru líka mjög vakandi yfir að allir færu eftir því sem Blær lagði til.

Tækifæri til umbóta verður í því að á næsta ári leggjum við áherslu á félagsfærni í könnunaraðferðinni. Þar verða mörg tækifæri til að vinna með vináttuna í þeim verkefnum sem verða fyrir valinu og þannig hægt að vísa í Blæ oftar og sýna hvað hann stendur fyrir.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Vinátta	Að tengja saman Vináttu-verkefið við áherslur okkar á félagsfærni í könnunaraðferðinni	Að vera meðvituð um að grípa oftar í bangsann og samræður með börnunum og hvetja þau til að segja hvað þeim finnst og finna leið sem þau telja góða til að leysa ósætti og árekstra sem koma upp.	Starfsfólk deildarinnar	Haut 2021	Vor 2022	Meta reglulega allt starfsárið á deildarfundum	Að starfsfólk sé hæfara í að grípa tækifærin sem gefast til samþættingar þannig að áherslan sé á félagsfærni Barnanna.

Hlutverk starfsmanna í leik

Að efla börnin í frjálsum leik. Að geta betur aðstoðað þau börn sem eiga erfitt með að komast inn í leik og haldast í leik.



Markmiðið var að allir starfsmenn prófuðu að gera skráningu á leik barna og skoðuðu þannig markvisst styrkleika barnanna í leiknum og hvað börn þurfa aðstoð. Vegna ytri aðstæðna (heimsfaraldurs og styttingar vinnuvikunnar) náðist þetta markmið ekki.

Styrkleikar: Lögð var áhersla á að bjóða upp á áhugaverð leiksvæði og möguleika á að flæða á milli í leiknum ef áhugi var fyrir því. Einnig var í boði einingakubbar og á sama svæði t.d. þemakassi með skrifstofuefnivið og gátu börnin verið í samvinnu á báðum svæðum. Þetta gekk vel og þeim fannst þetta skemmtilegt.



Þarna sáum við mikla samvinnu og skemmtileg samskipti milli barnanna og auðvelt var að aðstoða þau börn sem þess þurftu.

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hlutverk starfsmanna í leik	Að starfmenn séu meðvitaðir um leikinn og umhverfi fyrir góðan leik og vera til staðar í honum	Fræða starfsmenn um kveikjur og umræður um góðan efnivið. Fræðsla um hlutverk kennarans í leiknum og hvernig börn koma inn í leikinn.	Leikskóla- stjóri, deildar- stjóri og allt starfsfólk deildar- innar	Haut 2021	Vor 2022	Könnun gerð á viðhorfi og þekkingu starfsmanna í upphafi skólaári og lok skólaárs. Dæmum og skráningum safnað á skólaárinu um hvað var gert, bæði fræðsla og dæmi úr starfinu	Að starfsmenn nýti vel þau tækifæri sem gefast til að auka gæði í frjálsum leik með viðveru sinn og fagmennsku .

4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Unnið er eftir hugmyndafræði menntunar án aðgreiningar og snemmtækrar íhlutunar. Í einstaklingskennslu eru markvissar skráningar til að halda utan um hvað unnið er með, hvað hefur áunnist og til að setja ný markmið. Skráningar eru einnig gerðar í almennu starfi t.d. atferlisskráningar, tíðniskráningar varðandi hegðun og færniskráningar.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	AEPS matslistinn er það tæki sem helst er stuðst við til að meta þroska og framfarir en einnig er stuðst við fleiri matsgögn eftir þörfum s.s. Íslenska þroskalistann, Smábarnalistann, Orðaskil, TRAS, EFI-2, Hljóm-2, ýmsir færniskráningarlistar og gátlistann Sjálfsmynd og félagsfærni (SFS).
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Námsgögn sem notast er við eru bæði aðkeypt og heimagerð s.s. Lærum og leikum með hljóðin, Lubbi finnur málbein, SÓL, spil, leikföng, bækur og ýmis gögn og upplýsingar og fræðsla frá þjónustumiðstöð, lærdómssamfélagi sérkennslustjóra og MML

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Agastefna Fífuborgar	Að yfirfara og endurbæta agastefnu Fífuborgar og móta jákvætt og uppbyggilegt leikskóla- umhverfi	Fyrirlestur frá hegðunar- ráðgjafa Miðgarðs um aga á skipulagsdegi að hausti. Umræður og vinnuhópar. Umræður með börnum og hugmyndir frá þeim	Allir starfsmenn beri ábyrgð á tileinka sér innihald aga- stefnunnar og taka þátt í að móta jákvætt andrúmsloft og uppbyggilegt leikskóla- umhverfi. Stjórnendur leiða vinnuna	Júní 2021	Júní 2021	Álit og yfirllestur frá hegðunarráðgjafa Miðgarðs þjónustumiðstöðv ar Endurmetið markvisst á deildar- og stjórnendafundu m yfir árið. Umræður með barnahópnum tvisvar á tímabilinu	Að jákvætt andrúms- loft einkenni leikskólann og efli bæði börn og starfsfólk í samskiptum sín á milli

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagni til leikskólans er fyrst og fremst ráðstafað til málörvunartíma sem sérkennslustjóri og starfsmenn deildar hafa sinnt í sameiningu
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Unnið er með grunnorðaforða bæði í skipulögðum stundum og daglegu starfi s.s unnið með lykilorð í sögustundum, ríkulegu málumhverfi, með könnunaraðferðinni og Gefðu 10
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt?	Markvisst er unnið að því að dýpka orðaforðann t.d. með könnunaraðferðinni



Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	og það síðan yfirfært í leik og í sögu-samveru- og málörvunarstundum
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Notast er við <i>Einn leikskóli mörg tungumál</i> til að fylgjast með framförum fjöltyngdra barna ásamt því að nota fleiri matstæki s.s. Orðaskil og TRAS til að meta nánar málþroska ef þörf er á. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir fjöltyngd börn
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Lögð er áhersla á að vinna með alla þætti málsins í gegnum leik, skipulagðar stundir og málörvunarstundir með því t.d. að vinna með lykilorð úr sögu, sögugrunninn, bókakoffort fengin að láni og börn koma með bækur að heiman

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Fjölmennningar- stefna Fífaborgar	Að gera fjölmenn- ing arstarf markvissara , bæta þekkingu starfsfólks og skapa jákvætt viðhorf þeirra og barnanna til fjölmenn- ingar	Fræðsla á skipulagsdegi að hausti. Fyrirlestur frá verkefnastýru /ráð-gjafa- fjölmenningar i leikskóla ásamt brúarsmið MML (frá SFS). Umræður og vinnuhópar. Starfsfólk lesi og kynni sér efni varðandi fjölmenningu	Allir starfsmenn bera ábyrgð á að afla sér þekkingar og að tileinka sér jákvætt viðhorf til mismun- andi menningar. Sérkennslu- stjóri leiðir vinnuna	Ágúst 2021	Maí 2022	Endurmetið markvisst á deildar- og stjórnendafundu- m yfir árið. Umræður með barnahópnum tvisvar á tímabilinu Á skipulagsdegi að vori.	Að skapa jákvætt viðhorf starfs- manna og barna til mismun- andi menningar og ólíkra einstaklinga



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl í formi snerpusamtala fóru fram í desember 2020 og mars 2021. Á næsta skólaári munu þessi samtöl verða skipulögð að hausti í október og desember og að vori í febrúar og maí. Tilgangur snerpusamtala er að skapa vettvang og taka frá stund til að heyra hvernig starfsmönnum líður. Einnig að hlusta á óskir þeirra varðandi starfsþróun og í lok hvers samtals setur starfsmaður sér markmið sem hann vinnur að í starfi sínu. Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir starfsþróun skólaársins 2020-2021.

Tímabil	Námskeið - fyrirlestrar	Hverjir
27.08. 2020	Að stjórna jafningjum. Þekkingarmiðlun.	Aðstoðarstjóri
24.09. 2021	Kófið og leikskólinn. Mennta- og menningarmála-ráðuneytið, Sambands íslenskra sveitarfélaga, HÍ og KÍ.	Sérkennslustjóri
29.09. og 20.10. 2020	TRAS. Endurmenntun HÍ.	Deildarstjóri
30.09.20	Stjórnendadagur RVK.	Leikskólastjóri Aðstoðarstjóri
30.09. 2021	Erindi um málörvun fjöltyngdra barna. Fyrir tengiliði fjölmennningar. Þóra Sæunn Úlfsdóttir.	Sérkennslustjóri
Sept. 2020- mars 2021	Fræðslufundir tengiliða fjölmennningar.	Sérkennslustjóri
01. og 02.10.2020	Menntakvika. Menntavísindasvið HÍ.	Sérkennslustjóri
05.10.20	Mál og læsi í leikskóla. Miðja máls og læsis. Þóra Sæunn Úlfsdóttir.	Allir starfsmenn
27.10.20	Málþing um frjálsan leik á vegum KÍ.	Allir starfsmenn
Okt. 2020-maí 2021	Lærdómssamfélag leikskólastjóra 1x í mán.	Leikskólastjóri
Okt. 2020 – júní 2021	Lærdómssamfélag sérkennslustjóra 1 x í mán.	Sérkennslustjóri
30.10. 2020	Stafræn þróun stjórnandans. Workplace.	Leikskólastjóri
09.11. 2020	Dagur gegn einelti. Myndbandsfræðsla um einelti í leikskólum, Vanda Sig.	Leikskólastjóri Sérkennslustjóri
02.11. 2020	Hlúum að andlegri vellíðan á óvissutímum RVK Ingrid Kuhlmann.	Allir starfsmenn
09.11. 2020	Kynning á menntastefnu Reykjavíkur. SFS Fríða Bjarney og Hjörtur Ágústson.	Leikskólastjóri Aðstoðarstjóri Sérkennslustjóri
11.11.. 2020	Viðverusamtalið. Þekkingarmiðlun. Ingrid Kuhlmann.	Leikskólastjóri
18.11.2020	Námskeið fyrir öryggisverði. Keilir.	Leikskólastjóri
20.11.2020	Staðalmyndir, félagsmót. og samskipti. Kolbrún Hrund.	Allir starfsmenn
18.12. 2020	Námskeiðisdagur leikskólastjóra.	Leikskólastjóri
Jan. – júní. 2021	Forystunám Reykjavíkurborgar.	Aðstoðarstjóri
03.02. 2021	Launalista. Fræðslutorg RVK.	Leikskólastjóri



05.02. 2021	Vinátta. Barnaheill. Margrét Júlía Rafnsdóttir.	Allir starfsmenn
08.02.2021	Grænfáninn, landshlutfundur. Skóli á grænni grein.	Aðstoðarstjóri Sérkennslustjóri Deildarstjórar 2
17.02. 2021	Ofnæmi og mataróþol í leikskólum. Heilsueflandi leikskóli.	Deildarstjórar 2 Sérkennslustjóri
18.02. 2021	Fræðsla um flokkun og úrgangsméðhöndlun. Græn skref RVK.	Sérkennslustjóri Deildarstjóri
08.03. 2021	Veikindaskýrsla í stjórnandanum. Reykjavíkurborg.	Leikskólastjóri Aðstoðarstjóri
10.03. 2021	Styrkleikar og notkun þeirra í starfi. Heilsueflandi leikskóli.	Deildarstjórar 2
19.03. 2021	Tímastjórnunarnámskeið. SFS Ingrid Kuhlmann.	Leikskólastjóri Aðstoðarstjóri
14.04. 2021	Liðsheild, gleði og þrautseigja. Anna Steinsen, KVAN.	Allir starfsmenn
15.04. 2021	Stjórnun jafningja. Fræðslutorg RVK.	Leikskólastjóri
16.04. 2021	Snemmbær stuðningur í hnotskurn. Menntamálastofn.	Sérkennslustjóri
21.04. 2021	Jákvæð samskipti á vinnustað SFS. Pálmar Ragnarsson.	Leikskólastjóri Aðstoðarstjóri
26.04. 2021	Tengslavandi hjá leik- og grunnskólabörnum – gagnlegar áherslur sem lofa góðu. Vilborg G. Guðnadóttir. Endurmenntun HÍ.	Sérkennslustjóri Deildarstjóri 1
06.05. 2021	Fundur um börn og ofbeldi. SFS. Kolbrún Hrund o.fl.	Leikskólastjóri Aðstoðarstjóri
10.05. 2021	Menntastefnumót. SFS.	Allir starfsmenn
10.06. 2021	Málproski ungra barna-snemmtæk íhlutun. HTÍ.	Sérkennslustjóri Deildarstjóri 1

Skólaárið 2021 - 2022 stefnum við að því að fá fræðslu fyrir alla starfsmenn á skipulagsdögum, s.s. fyrirlestur um aga en við höfum verið að vinna í því að uppfæra aga stefnu leikskólans undanfarið. Einnig fyrirlestur um fjölmenningu, fjölbreytileika og viðhorf til mismunandi menningarbakgrunns. Í jafnréttisáætlun Fífaborgar kemur m.a. fram að eitt af markmiðum áætlunarinnar er að hafa fordómalaust umhverfi í leikskólanum. Við höfum unnið með Vináttu verkefni Barnaheilla til að stuðla að því meðal nemendanna en viljum gjarnan fá fyrirlestur fyrir starfsmenn um þetta efni.

Þar að auki stefnum við að því að fá fræðslu um eflingu félagsfærni sem tengist þróunarverkefninu okkar *Litlu könnuðurnir*. Við höfum sótt um styrk í úr A-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóði skóla- og frístundaráðs vegna innleiðingar menntastefnu Reykjavíkur skólaárið 2021-2022 vegna þessa



verkefnið í þriðja sinn. Markmiðið er að festa vinnu með könnunaraðferðina í sessi. Hingað til höfum við lagt áherslu á bernskulæsi og þá sérstaklega eflingu orðaforða í vinnu með hana. Skólaárið 2021-2022 ætlum við að leggja áherslu á eflingu félagsfærni þ.e. að börnin þrói með sér færni í samskiptum og samvinnu og læri að leita lausna sjálf þar sem þau eru virkir þátttakendur í ferlinu í vinnu með könnunaraðferðina. Við stefnum einnig að því að fara í hugarflug með starfsmönnum á skipulagsdegi um hvernig við vinnum með félagsfærni og gerum þá vinnu sýnilega og hvernig metum hana. Einnig stefnum við að því að fara yfir það með starfsmönnum hvernig gera má skráningar í tengslum við könnunaraðferðina á einfaldan hátt með SWAY og miðla til foreldra.

Við höfum einnig hug á því að fá fræðslu um opinn efnivið og eiginleika hans í starfi með börnum en í Fífuborg höfum við lagt áherslu á að börnin leiki sér fyrst og fremst með opinn efnivið. Við stefnum að því að fá námskeið í liðsuppbyggingu á skipulagsdegi næsta skólaárið því þó starfsandinn í Fífuborg sé mjög góður þá má alltaf gera betur. Margir starfsmenn vilja bíða eftir því að sjá hvaða námskeið verða í boði á næsta starfsári og koma þá með sínar starfsþróunaróskir, komið er til móts við þannig óskir eftir því sem mögulegt er. Í starfsþróunarviðtölum á liðnu skólaári var helst óskað eftir því að komast á námskeið í stjórnun, tónlist og frjálsan leik barna.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva



Covid-19 hélt áfram að setja strik í reikninginn þegar kom að samstarfi sem var fyrirhugað veturinn 2020 – 2021. Samstarf við Rimaskóla var með öðrum hætti en fyrirhugað var og urðu heimsóknirnar ekki margar. Engar heimsóknir voru í Rimaskóla á haustönn 2020 vegna covid-19 og ekkert samstarf milli leikskóla í hverfinu þ.e. Lyngheima og Laufskála. Í mars 2021 fórum við í fyrstu heimsóknina í Rimaskóla og þá í 1.bekk. Þar fengu börnin að fara inn í bekk og gera verkefni með nemendum. Þeim fannst mjög skemmtilegt og mikil upphefð

í að koma inn í skólann. Í maí fórum við og hittum skólustjórann og fengum leiðsögn um skólann, fórum á bókasafnið og þar var börnunum gefin “bókaormur” sem við fórum með á leikskólann og lituðum. Einnig skoðuðum við textíl-, smíða- og myndmenntastofur sem börnunum fannst mjög spennandi, sérstaklega allar saumavélarnar og smíðatólin, líka háu stólarnir í myndmenntastofunni og öll listaverkin og fígúrnar sem vora þarna og biðu eigenda sinna. Síðari hluta maí mánaðar fengu við boðið í að koma í heimsókn til þeirra Ásrúnar og Árna í Frístundaheimilið Tígrissbæ. Þangað fórum við og skoðuðum



aðstæður og börnin máttu prófa öll leikföngin sem voru á staðnum, s.s. að perla, lita, leik með barbíhús, spila fótbolta og margt fleira.

Ekki er komin tímasett áætlun fyrir komandi skólaár, þ.e. 2021 – 2022, en gert er ráð fyrir að hún verði með svipuðu sniði og undarfarin ár:

- Heimsókn í bókasafn Rimaskóla í október 2021
- Danstími í Rimaskóla í október 2021
- Börn í 1. bekk í Rimaskóla heimsækja leikskólana í hverfinu í nóvember 2020
- Heimsókn barna í 4. bekk í Rimaskóla í leikskólana í hverfinu á *Degi íslenskrar tungu* 16. nóvember 2021
- Föstudagsfjör í desember 2021
- Íþróttatími í Rimaskóla í desember 2021 og mars 2022
- Bekkjarheimsókn í 1. bekk í mars 2022
- Heimsókn í Frístund í október 2021 og apríl 2022
- Skoðunarferð um skólann í maí 2022
- Farið yfir niðurstöður úr Hljóm – 2 á fundi með kennurum beggja skólastiga og forstöðumanni í Frístund í maí 2022



Síðasta vor var okkur boðið að sækja um að taka þátt í samstarfi við Myndlistaskólinn í Reykjavík sem felst í því að leikskólar sem hafa verið valdir úr hópi umsækjenda hafa komið með elstu barnahópana í myndlistarsmiðjur í Myndlistaskólanum. Við vorum heppin og komumst að og fórum í átta skipti í mars og apríl. Þarna voru börnin

að gera allskonar listaverk og ímynda sér að þau væru listamenn að vinna s.s. að mála ávexti fríhendis, búa til turn með rennibraut, mála með kryddi, súkkulaði, laufblöðum og fleiru. Þetta var mjög spennandi samstarf og nutu börnin tímans mjög vel.



Skólaskil: Fundur að vori með fulltrúum Rimaskóla, skil á niðurstöðum Hljóm-2 athugana og annara gagna eftir þörfum. Sérstakir skilafundir vegna barna með skilgreindan stuðning, hann sitja foreldrar og fulltrúar leikskóla, grunnskóla og frístundar og sérkennsluráðgjafar beggja skólastiga.

8 Foreldrasamvinna

Síðastliðið haust var reglum samkvæmt kosið í foreldraráð og foreldrafélag Fífuborgar. Auglýst var eftir nýjum meðlimum í ráðin á fundi fyrir nýja foreldra í ágúst 2020. Það voru tveir foreldra sem buðu sig fram, einn í foreldraráð og einn í foreldrafélagið. Fyrri meðlimir foreldraráðs og foreldrafélagsins gáfu kost á sér til áframhaldandi setu.

Við leikskólann starfar foreldraráð og í því sitja fjórir fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Kosið var um nýjan formann þetta árið. Ráðinu er ætlað að vera umsagnaraðilar um ársáætlun, endurmat, námskrá og annað er snertir leikskólastarfið. Foreldraráðið hélt tvo fundi þetta skólaárið og gert er ráð fyrir svipuðu fyrirkomulagi á næsta skólaári.

Í Fífuborg er starfandi foreldrafélagið Fífan. Í stjórn þess sitja sjö fulltrúar foreldra. Foreldrafélagið sinnir ákveðnum verkefnum, skipuleggur uppákomur, s.s. sveitaferð og greiðir fyrir leiksýningar og jólasvein og innheimtir gjöld foreldrafélags. Undanfarin ár hefur stjórn foreldrafélags Fífuborgar staðið fyrir sveitaferð, tveimur leiksýningum, skemmtilegum jólasveini fyrir jólaballið og lúðrasveit fyrir þjóðhátíð Fífuborgar. Vegna Covid-19 þurfti að skipuleggja viðburði á annan hátt og jafnvel fresta þeim. Þetta árið greiddi foreldrafélagið fyrir Krakkahesta/hestaheimsókn og eina leiksýningu en það var leikritið Ævintýrið sem sýnd var á þjóðhátíð Fífuborgar í júní 2021. Ekki var farið í sveitaferð eða fengin lúðrasveit þetta árið en þess í stað færði foreldrafélagið leikskólanum veglega leikfangagjöf. Starfsfólk og börn Fífuborgar þakka foreldrafélaginu kærlega fyrir gjöfina.

Búið er að setja dagsetningar fyrir foreldrafundi á skóladagatal leikskólans og verða fundirnir að öllu óbreyttu 27. - 30. september 2021. Hulduheimar þann 27., Dvergheimar þann 28., Álfheimar þann 29. og Ljósheimar þann 30. september.

Foreldraviðtöl að hausti hefjast 1. nóvember 2021 og foreldraviðtöl að vori hefjast 7. mars 2022.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar Fífuborgar skólaárið 2021 – 2022:

- Mán. 04. október 2021. Sameiginlegur starfsdagur í Rimahverfi.
- Fös. 19. nóvember 2021.
- Fös. 07. janúar 2022.
- Mán. 07. febrúar 2022.
- Fös. 1. apríl 2022.
- Mán. 9. maí 2022. Sameiginlegur starfsdagur í Rimahverfi.



Leikskóladagatal Fífborgar skólaárið 2020 – 2021:

Sjá fylgiskjal 2.

10 Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 2 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 3 - Könnun vegna styttingu vinnuvikunnar í leikskólanum Fífborg

Fylgiskjal 4 - Matsgögn

F. h. leikskólans Fífborgar

Helga Sigurðardóttir
Leikskólastjóri

1. júlí 2021
Dagsetning

Sigríður Sunna Hannesdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri

10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2021 – 2022 Leikskólinn Fífuborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Anna María Eiríksdóttir
Jóhanna Bára Haraldsdóttir
Ragnheiður Lára Guðrúnardóttir
Fríða Kristín Hannesdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 14. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla ber foreldraráði að veita starfsáætlun leikskóla umsögn sína, sem gefin skal út árlega og lögð er fyrir skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar til samþykktar. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi leikskóla, svo sem skóladagatali og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans, sbr. 2. mgr. 14. gr. fyrrgreindra laga.

Meðlimir foreldraráðs Fífaborgar hafa lesið drög að starfsáætlun 2021-2022 og telja hana fagmannlega unna, upplýsandi og skýra.

Skólaárið 2020 til 2021 hélt Covid faraldurinn áfram að hafa áhrif á skólastarfið með ýmsum hætti. Starfsfólk leikskólans komst til dæmis ekki á námskeið og samstarf við aðrar stofnanir eins og Rimaskóla var með breyttu sniði. Starfsfólk Fífuborgar hefur sýnt mikla þrautseigju og sveigjanleika á erfiðum tímum og fyrir það vill foreldraráð lýsa yfir þakklæti sínu og aðdáun.

Fleiri áskoranir voru einnig í starfinu með styttingu vinnuvikunnar en það verkefni virðist hafa gengið vel, áhrifin eru bæði jákvæð og neikvæð að mati starfsfólks. Samkvæmt niðurstöðu innra mats var starfsfólk ánægt með styttinguna en taldi þó einnig að álag væri meira. Var þar sérstaklega nefnt að 28% starfsmanna telji faglegt starf verða fyrir neikvæðum áhrifum eftir hádegi þegar færri starfsmenn eru við vinnu. Foreldraráð vonast til að þegar meiri reynsla er komin á þetta verkefni verði hægt að breyta því til batnaðar.

Verkefnið Litlu könnuðirnir hefur gefið góða raun og jákvætt er að heyra að verkefnið haldi áfram á næsta skólaári með áherslu á félagsfærni, en hingað til hefur verkefnið verið með áherslu á orðaforða barna. Könnunaraðferðin mun efla aðra lykilþætti menntastefnunnar sem er læsi, sköpun og heilbrigði og er þar unnið út frá áhugasviðum barna á fjölbreyttan hátt.

Stofnað hefur verið lærdómssamfélag Fífuborgar um þetta verkefni sem foreldraráð telur mjög jákvætt og mun það eflaust hafa jákvæð áhrif á þróun þessa verkefnis hjá öllum deildum leikskólans.

Innra mat leikskólans var unnið í samráði við börnin sjálf og starfsfólk. Fagnar foreldrafélagið því að börnin sjálf fái að koma að matinu, það eflir sjálfstæða færni þeirra og samræmist hugmyndafræði um barnalýðræði.

Foreldrarráð gleðst yfir síðustu niðurstöðum starfsmannakönnunar Reykjavíkurborgar, mældist starfsánægja 4,57 af 5. Telur foreldraráð að líðan starfsfólks endurspeglar í samskiptum og framkomu þeirra til barnanna sem er til fyrirmyndar. Hlýlegt og faglegt andrúmsloft er að mati foreldraráðs ríkjandi í samskiptum og viðmóti starfsmanna leikskólans.

Gaman er að sjá að á dagskrá komandi skólaárs er áhugaverð fræðsla á döfinni um fjölmenningu og viðhorf til ólíks menningarbakgrunns. Þetta er til að framfylgja markmiði jafnréttisáætlunar þar sem stefnt er að fordómalausum umhverfi í leikskólanum. Einnig er stefnan tekin á að vinna meira með opinn efnivið í leik og starfi og sækja fræðslu um ávinning þess.



Síðasta skólaár var vissulega krefjandi í ljósi heimsfaraldurs meðal annarra áskoranna þá er það mat foreldraráðs að starfsemi leikskólans hafi gengið mjög vel og starfsmenn hafi verið til fyrirmyndar.

Fyrir hönd foreldraráðs,

Anna María Eiríksdóttir

Jóhanna Bára Haraldsdóttir

Ragnheiður Lára Guðrúnardóttir

Fríða Kristín Hannesdóttir

Reykjavík, 1.7.2021.



10.2 Fylgiskjal 2 - Leikskóladagatal

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2021 - 2022

Nafn skóla: Leikskólinn Fífborg


ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ
1. M	1. F	1. F	1. M	1. M	1. L	1. D	1. D	1. F	1. S	1. M
2. F	2. L	2. L	2. D	2. F	2. S	2. M	2. M	2. L	2. M	2. F
3. F	3. S	3. S	3. M	3. F	3. M	3. F	3. F	3. S	3. D	3. F
4. L	4. M	4. M	4. F	4. L	4. D	4. F	4. F	4. M	4. M	4. L
5. S	5. D	5. D	5. F	5. S	5. M	5. L	5. L	5. P	5. F	5. S
6. M	6. M	6. M	6. L	6. M	6. F	6. S	6. S	6. M	6. F	6. M
7. P	7. F	7. F	7. S	7. D	7. F	7. M	7. M	7. F	7. L	7. D
8. M	8. F	8. F	8. M	8. M	8. L	8. D	8. D	8. F	8. S	8. M
9. F	9. L	9. L	9. D	9. F	9. S	9. M	9. M	9. L	9. M	9. F
10. P	10. S	10. S	10. M	10. F	10. M	10. F	10. F	10. S	10. P	10. F
11. L	11. M	11. M	11. F	11. L	11. P	11. F	11. F	11. M	11. M	11. L
12. S	12. M	12. M	12. F	12. S	12. M	12. L	12. L	12. M	12. F	12. S
13. M	13. D	13. M	13. L	13. M	13. F	13. M	13. S	13. M	13. F	13. M
14. P	14. F	14. F	14. M	14. D	14. M	14. L	14. M	14. F	14. S	14. M
15. S	15. M	15. F	15. M	15. M	15. L	15. D	15. D	15. F	15. S	15. M
16. M	16. F	16. L	16. D	16. F	16. S	16. M	16. M	16. L	16. F	16. F
17. P	17. F	17. S	17. M	17. F	17. M	17. F	17. F	17. S	17. P	17. F
18. M	18. L	18. M	18. F	18. L	18. P	18. F	18. F	18. M	18. M	18. L
19. F	19. S	19. M	19. L	19. M	19. F	19. M	19. S	19. M	19. F	19. S
20. M	20. D	20. M	20. L	20. M	20. F	20. L	20. S	20. M	20. F	20. M
21. P	21. F	21. F	21. M	21. D	21. M	21. L	21. M	21. F	21. S	21. M
22. S	22. M	22. L	22. M	22. M	22. L	22. D	22. M	22. L	22. F	22. S
23. M	23. F	23. S	23. M	23. F	23. M	23. L	23. M	23. F	23. S	23. M
24. P	24. F	24. M	24. L	24. M	24. F	24. M	24. S	24. M	24. F	24. M
25. S	25. M	25. L	25. M	25. D	25. M	25. L	25. M	25. F	25. S	25. M
26. M	26. F	26. F	26. M	26. L	26. F	26. M	26. S	26. M	26. F	26. M
27. P	27. F	27. S	27. M	27. F	27. M	27. L	27. M	27. F	27. S	27. M
28. M	28. L	28. M	28. L	28. M	28. F	28. M	28. S	28. M	28. F	28. M
29. F	29. S	29. M	29. L	29. M	29. F	29. M	29. S	29. M	29. F	29. M
30. M	30. D	30. M	30. L	30. M	30. F	30. L	30. M	30. F	30. S	30. M
31. P	31. F	31. F	31. M	31. D	31. M	31. L	31. M	31. F	31. S	31. M

10.3 Fylgiskjal 3 - Könnun vegna styttingu vinnuvikunnar í leikskólanum

Fífuborg

Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif telur þú að stytting vinnuvikunnar hafi á starfsánægju þína?


📊 ⬇️ ↺ ⚙️



Answer	Count	Percent	20%	40%	60%	80%	100%
Mjög jákvæð	5	27.78%					
Fremur jákvæð	9	50%					
Hvorki né	3	16.67%					
Fremur neikvæð	1	5.56%					
Mjög neikvæð	0	0%					
Total	18	100%					


Ef þú berð saman gæði vinnu þinnar fyrir og eftir styttingu vinnuvikunnar, hversu ánægð(ur) ert þú með gæði vinnu þinnar eftir styttinguna?

📊 ⬇️ ↺ ⚙️




Answer	Count	Percent	20%	40%	60%	80%	100%
Mjög ánægð(ur)	3	16.67%					
Fremur ánægður	5	27.78%					
Hvorki né	5	27.78%					
Fremur óánægð(ur)	5	27.78%					
Mjög óánægð(ur)	0	0%					
Total	18	100%					

Hversu ánægð(ur) ert þú með afköstin sem þú skilar í starfi?




Answer	Count	Percent	20%	40%	60%	80%	100%
Mjög ánægð(ur)	4	22.22%					
Fremur ánægður	10	55.56%					
Hvorki né	3	16.67%					
Fremur óánægð(ur)	1	5.56%					
Mjög óánægð(ur)	0	0%					
Total	18	100%					

Hversu vel hefur þér gengið að koma á jafnvægi á milli vinnu og einkalífs?




Answer	Count	Percent	20%	40%	60%	80%	100%
Mjög vel	6	33.33%					
Fremur vel	9	50%					
Hvorki né	3	16.67%					
Fremur illa	0	0%					
Mjög illa	0	0%					
Total	18	100%					

Upplifir þú meira álag í starfinu?



Answer	Count	Percent	20%	40%	60%	80%	100%
Mjög oft eða alltaf	2	11.11%					
Fremur oft	5	27.78%					
Stundum	9	50%					
Fremur sjaldan	2	11.11%					
Mjög sjaldan eða aldrei	0	0%					
Total	18	100%					


Telur þú að stytting vinnuvikunnar hafi jákvæð áhrif á stafsandann?



Answer	Count	Percent	20%	40%	60%	80%	100%
Mjög oft eða alltaf	3	16.67%					
Fremur oft	8	44.44%					
Stundum	6	33.33%					
Fremur sjaldan	1	5.56%					
Mjög sjaldan eða aldrei	0	0%					
Total	18	100%					



Hversu góð er samvinnan á vinnustaðnum?



Answer	Count	Percent	20%	40%	60%	80%	100%
Mjög góð	10	55.56%					
Fremur góð	8	44.44%					
Hvorki né	0	0%					
Fremur slæm	0	0%					
Mjög slæm	0	0%					
Total	18	100%					

Er eitthvað sem þér finnst að hefði verið hægt að gera betur eða öðruvísi í skipulagi vinnustaðarins vegna styttingarinnar?

04/21/2021 52145390 Ekkert sem við kemur skipulagi innan okkar vinnustaðar, meira sem snýr að yfirboðum utan frá.

04/20/2021 52125136 Er nokkuð sátt við þessa útfærslu.

04/15/2021 52064070 Ekki miðað við að fara beint í fulla styttingu. Kannski hefði minna álag orðið ef þetta hefði verið gert smá saman

04/15/2021 52061749 Nei, þetta er skásta lausnin miðað við núverandi forsendur

04/15/2021 52061199 Ekkert sem mér dettur í hug

04/12/2021 52008278 Það hefði verið betra að fara í fulla styttingu seinna, t.d. eftir Covid 19



Er eitthvað sem þér finnst að hefði veri hægt að gera betur eða öðruvísi varðandi samvinnu á milli deilda vegna styttingarinnar?


04/21/2021	52145390	Tók nokkra daga að finna út hvað hentaði best í okkar samvinnu en þegar það small þá small það vel.
04/20/2021	52125136	Nei
04/20/2021	52124356	nei
04/19/2021	52106649	nei
04/15/2021	52064070	Nei finnst þetta ganga vel eins og það er
04/15/2021	52062778	Nei
04/15/2021	52061749	Hefur gengið þokkalega en þörf á að skerpa reglulega á
04/15/2021	52061213	nei
04/15/2021	52061199	Ekkert sem mér dettur í hug
04/12/2021	52008278	Nei

Er eitthvað sem þér dettur í huga að mætti bæta í tengslum við liðan þína í starfi, starfsandann og daglegt starf, samskipti við barnahópinn og starfshætti í leikskólanum?

04/21/2021	52145390	Er bara nokkuð sátt svona miðað við aðstæður (covid). Allir að gera sitt besta og sýna ábyrgð.
04/16/2021	52075211	ekkert
04/15/2021	52062778	nei
04/15/2021	52061213	er sátt
04/15/2021	52061199	Nei
04/12/2021	52008278	Það mætti gera starfshætti í leikskólanum einfaldari



1. Ertu sátt(ur) við þær breytingar sem hafa verið gerðar á stað leikskólans með tilkomu styttingu vinnuvikunnar?



Answer	Count	Percent	20%	40%	60%	80%	100%
Mjög sátt(ur)	3	16.67%					
Fremur sátt(ur)	8	44.44%					
Hvorki né	3	16.67%					
Fremur ósátt(ur)	3	16.67%					
Mjög ósátt(ur)	1	5.56%					
Total	18	100%					

Ef svarið við spurningu 11 er fremur ósátt(ur) eða mjög ósátt(ur) hvaða breytingar á starfinu ert þú helst ósátt(ur) við?

04/27/2021 52261152 Finnst minna um skipulagt starf og gæðastundir eftir hádegi

04/20/2021 52124356 þetta líkist almennri gæslu eftir hádegi, sérkennsla fellur auðveldlega niður, vera á hlaupum og ekki ná að sinna börnunum eins og maður myndi vilja.

04/15/2021 52062778 ..


04/15/2021 52061749 áhrifin sem stytting vinnuvikunnar hefur á gæði starfsins í núverandi mynd (þ.e. þegar styttingunni fylgir ekkert auka fjármagn)

04/15/2021 52061239 Tíminn eftir hádegi og eftir kaffi fer aðallega í að klára daginn. Minni tími í gæðastundir, sinna málörvun tvítyngdra barna og barna á gráu svæði. Meira álag og hraði.

04/15/2021 52061213 skerðing á þjónustu (óhjákvæmilegt)



Á heildina litið hversu ánægð/ur ert þú í starfi?



Answer	Count	Percent	20%	40%	60%	80%	100%
Mjög ánægð(ur)	9	50%					
Fremur ánægður	9	50%					
Hvorki né	0	0%					
Fremur óánægð(ur)	0	0%					
Mjög óánægð(ur)	0	0%					
Total	18	100%					



10.4 Fylgiskjal 4 - Matsgögn

Endurmat deilda

Gátlisti, bætið við öllu sem ykkur dettur í hug.

Tíminn frá kl. 07.30-08.00.

Móttaka barna á deild.

Morgunverður.

Frjáls leikur.

Agi.

Tilboð (hvað er boðið upp á, hverju er ábótavant), listsköpun, hlutverkaleikur, spil, leir, sull, borðleikur, gólfleikir).

Leikföng að heiman.

Frágangur deildar.

Svæðin frammi – nýting.

Þema.

Tónlist.

Sögustundir.

Söngur, hvar, hvenær.

Að hlusta á tónlist, geisladiska, útvarp, tölván. Hvar, hvenær, hversu oft.

Alstund. Hvað er gert? Náum við athygli allra?

Hvert er hlutverk:

- Stjórnandans
- Annarra starfsmanna

Valstund á deild.

Hvað er gert, hvers vegna, hvernig?

Hver velur fyrstur.

Veðurfræðingur.

Hádegisverðartími.



Vinnubrögð starfsmanna.

Borðsiðir.

Reglur s.s. að ljúka við matinn o.fl.

Umsjónarmenn og hlutverk þeirra.

Snyrting.

Hlutverk starfsmanns.

Á hvað leggjum við áherslu s.s. sturta niður, handþvottur, skipta um tuskur og handklæði, fara með rusl. Huga að vöskum.

Hvíldarstund.

Skipting hópsins.

Framkvæmd.

Tíminn frá hvíld fram að vali.

Síðdegishressing.

Kaffitímar starfsfólks.

Samstarf deilda.

Sérkennsla.

Tíminn frá 15.30-16.00.

Frjáls leikur frá 16.00-17.00.

Að skila af sér börnum á Ljósheima (skiladeild).

Fataherbergi.

Frágangur.

Óskilaföt.

Verkaskipting/vaktaskema.

Þátttaka barna í daglegum störfum

Að taka barn í fangið, persónuleg athygli. Fá hana örugglega allir?

Berum við virðingu fyrir vinalstund og öðrum samverustundum eða erum við að spjalla á meðan þær eru?

Samskipti við foreldra.

Upplýsingamiðlun.

Afmæli barnanna.



Gönguferðir.

Að skipta út leikföngum, bókum o.þ.h.

Deildarfundir.

Könnunaraðferðin, könnunarleikurinn.

Skráningar.

Sameiginlegt endurmat

Móttakan

Hlutverk móttöku gagnvart börnunum

Virðum við markmið valsins eða viljum við stjórna vali barnanna?

Skráning.

Vald móttöku, loka svæðum, færa fólk til.

Önnur störf s.s. ýmis konar frágangur.

Af hverju myndast röð við valtöfluna? Hvað má senda börnin ört fram?

Öll svæði

Markmið svæða.

Hlutverk starfsmanns.

Hvað er boðið uppá á svæðinu.

Er boðið upp á allt, alltaf?

Fjöldi barna á svæðum.

Hvar eru börnunum sett mörk og hvernig? T.d. ef barni er vísað af svæði leysir það þá vandann eða situr næsti starfsmaður uppi með hann?

Frágangur.

Að klára valtið. Hvað er hægt að gera með börnunum? Hvað gerum við?

Samkvæmt markmiðum okkar á barnið að fá tækifæri að velja sér verkefni sjálft? Hvað ef barnið velur alltaf með einhverjum eða velur alltaf sama svæðið? Hvað gerum við?

Útivera

Hjól, snjópotur.

Yfirsýn.



Stöndum við í hnapp og kjöftum?

Fínhreyfingar

Laut

Einingakubbar

Kubbasvæði

Tilraunir

Vinastund

Gönguferðadagar



